


Alþingi
Erindi nr. Þ 139/695
komudagur 6.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2010

Umsögn Matis ohf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, umgengni um nytjastofna sjávar (skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum), þskj. 220 — 203. mál.

Athugasemdir við eftirfarandi breytingar á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Kaupandi afla“ í 1. og 2. mgr. kemur: Aðili sem stundar viðskipti með afla.

Óljóst er hvort átt er við kaupanda eingöngu eða kaupanda og seljanda og mögulegan millilið. Í 12. gr. laga nr. 57/1996 er einungis gert ráð fyrir að kaupandi fylli út og skili skýrslum um ráðstöfun afla. Ef gert er ráð fyrir að seljandi og milliliður muni, eftir gildistöku þessara laga, einnig útfylla skýrslurnar, má ljóst vera að aukin vinna mun leggjast á þá aðila. Á móti kemur að Fiskistofu verður að líkindum gert auðveldara fyrir um eftirlit, þar sem um fleiri skráningar er að ræða og ef vilji manna standi til rangra skráninga verði þeir að ástunda samræmingu vinnubragða. Nauðsynlegt er að orðalagið sé skýrt, svo vitað sé með vissu við hvað er átt.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar:

Óljóst er með hvaða hætti vigtarskýrsla skal útfyllast í tilviki áframeldis og af hverjum, en í dag er gert ráð fyrir að í tilviki áframeldis skuli „Aðili sem ákvarðar þyngd fisks fylla út og undirrita vigtarnótu“ (49.gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla). Jafnframt er óljóst, þar sem bæði áframeldi og aleldi er stundað, hvort eftirlit sé haft með því að fiskur sem landað er til vinnslu (úr kví) og sagður er koma úr aleldi, komi raunverulega úr aleldi, eða hvort um sé að ræða fisk úr áframeldi, sem þá heyri undir lög 57/1996. Nauðsynlegt er að eftirlit með vigtun áframeldisfisks sé í föstum og öruggum skorðum, ekki síst í ljósi vaxandi mikilvægis eldis sem hráefnisöflunar fyrir landvinnslu og þeirrar ívilnunar sem veiðar til áframeldis njóta umfram hefðbundnar veiðar.

Virðingarfyllst,

Sveinn Margeirsson
forstjóri